


# RANNSÓKN OG LÍFSSKOÐANIR.

Eftir

GUÐMUND ÁRNASON.



ARGOFT hefir það verið sagt, að lífsskoðanir séu manninum jafngamlar, að hann hafi frá byrjun reynt að gjöra sér grein fyrir einhverjum óséðum virkileika, er stæði í sambandi við hinn sýnilega heim hans og einstaklingslíf. Það mun óhætt að fullyrða, að í þessari staðhæfingu sé oflangt gengið. Í raun og veru er ómögulegt að hugsa sér, að nokkrar lífsskoðanir í orðsins rétta skilningi, eða nokkur umhugsun um hina ósýnilegu tilveru hafi verið til, fyr en maðurinn komst á það andlegt þroskastig að geta rakið sambandið milli orsaka og afleiðinga að einhverju leyti. Alt það, sem vér nú vitum um æfiferil mannsins á jörðinni og uppruna hans, bendir á, að hann hafi lengi verið að þroskast frá sínu upprunalega dýrsástandi, þar til hann fór að skilja samhengi hlutanna í kring um sig svo vel, að hann setti þá í orsaka og afleiðinga samband hvern við annan; og ennþá lengur þar til hann fann sig knúðan til að gera ráð fyrir óþekktum orsökum þess sem hann þekkti, en þá fyrst getur verið um lífsskoðanir í eiginlegum skilningi að ræða.

Allar lífsskoðanir hafa efalaust byrjað þannig, að mennirnir hafa fyrst leitað að orsökum þeirra hluta og viðbuviða, sem þeir hafa skynjað í umheimi sínum. Hvort sem að hin elztu trúarbrögð hafa verið forseðradýrkun, eða náttúrudýrkun, eða eitt-hvað annað, er áreiðanlegt að dýrkunin hefir altaf byrjað þannig, að það sem dýrkað var, var á einhvern hátt skoðað seni orsök þeirra hluta, er stóðu í nánu sambandi við lífð sjálft; og á frumstigum mannlífsins voru þeir hlutir auðvitað hin ytri lífskilyrði. Sambandið milli þessara lífsskilyrða og lífsins sjálfs verður fljótt auðsætt, og þarfleidandi lærir maðurinn snemma að skoða sjálfan sig sem einn liðinn í orsaka og afleiðinga keðj-